

Nd. **547. Frumvarp til laga** [187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.—68.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

II. KAFLI

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 275 millj. kr.

6. gr.

Heimilt er að endurlána fé skv. 5 gr., og skal það gert með gengisákvæði og að öðru leyti með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (Council of Europe Resettlement Fund), sem tekið mun af Framkvæmdasjóði Íslands, að fjárhæð \$ 500 þús. Lánsfé þessu skal verja til flugvalla-, hafna- og vegaf framkvæmda á Vestfjörðum.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að \$ 1 425 þús.

9. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála.

III. KAFLI

10. gr.

Heimilt er að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 113 millj. kr. af láni því, er um ræðir í 5. grein.

11. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr. svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum, með erlendri lántöku skv. 5. gr. að frátalinni ráðstöfun skv. 10. gr., með P. L. 480 láni skv. 8. gr., og skv. heimild í 2. gr. laga nr. 5/1968, skal verja sem hér segir:

Rafmagnsveitur ríkisins	20.3
Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15.0
Gufuveita í Reykjablíð	7.2
Jarðborun á Reykjanesi	3.6
Landshafnir	40.0
Vegir	82.6
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10.9
Flugmál	6.0
Skólar	25.6
Sjúkrahús	37.0
Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
Búrfellsvirkjun	75.0

Alls 330.2

IV. KAFLI

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 90 millj. kr. til smíði tveggja strandferðaskipa.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin 4 ár. Árið 1967 nam fjáröflun af þessu tagi 125 millj. kr., en vegna þess, hversu horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar á yfirstandandi ári, er talið, að slík fjáröflun muni ekki geta numið hærri fjárhæð en 75 millj. kr., eða 50 millj. kr. minna en á árinu 1967.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sams konar heimildarákvæði varðandi lánskjör og skattfrelsi og jafnan hafa fylgt spariskírteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Sýnt þykir, að framboð lánsfjár innan lands á árinu 1968 muni ekki nægja til þess að mæta þeirri lánsfjárbörf, er framkvæmdir þessarar áætlunar krefjast. Verður því nauðsynlegt að afla erlends lánsfjár að jafnvirði allt að 275 millj. ísl. kr.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Undanfarin þrjú ár hefur verið aflað lánsfjár á vegum Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins (Council of Europe Resettlement Fund) til framkvæmda innan Vestfjarðaáætlunar. Er hér farið fram á heimild til slíkrar lántöku, allt að \$ 500.000, til flugvalla-, hafna- og vegaf framkvæmda á Vestfjörðum.

Um 8. gr.

Hér er farið fram á heimild til allt að \$ 1 425 þús. vörukaupaláns hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, svonefnds P. L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár.

Um 9. gr.

Í sambandi við framkvæmdir í raforkumálum og flugöryggismálum verður um að ræða talsverðan innflutning á tækjum. Er hér, eins og á undanförunum árum, leitað heimildar til að afla erlends lánsfjár vegna slíkra tækjakaupa að jafnvirði allt að 10 millj. ísl. kr.

Um 10. gr.

Af fyrirhugaðri lántöku erlendis skv. 5. gr. munu 113 millj. kr. verða endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands til að mæta lánsfjárbörf fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja.

Um 11. gr.

Nánari greinargerð um skiptingu lánsfjár á einstakar framkvæmdir verður gefin í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1968.

Um 12. gr.

Eins og kunnugt er, hefur verið samið um smíði tveggja strandferðaskipa innan lands fyrir Skipaútgerð ríkisins. Er gert ráð fyrir, að heildarkostnaður skipanna muni verða 146.3 millj. kr. Af eigin fé mun Skipaútgerðin leggja fram um 20 millj. kr., en allverulegs fjár verður aflað með lántökum erlendis og innan lands. Mun Seðlabankinn annast lánsúvegum og aðra fyrirgreiðslu í því sambandi. Gert er ráð fyrir, að lánin endurgreiðist með framlögum á fjárlögum á næstu 5 árum.

Fylgiskjal.

TAFLA I.

Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968.

Heildaryfirlit.

Fjáröflun:	Millj. kr.
A. Fjárfestingarlánasjóðir:	
1. Lánsfjáröflun úr Framkvæmdasjóði og frá bönkunum	103.3
2. Væntanleg hlutdeild í erlendu láni	113.0
3. Lán frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs	28.5
	<hr/>
	244.8
B. Opinber fjáröflun:	
1. Spariskirteinalán	75.0
2. Endurgreiðsla spariskirteinalána	50.0
3. P. L. 480 lán	46.0
4. Hlutdeild í erlendu láni	147.0
5. Bráðabirgðalántaka	12.2
	<hr/>
	330.2
Ráðstöfun:	
	<hr/>
	575.0
A. Fjárfestingarlánasjóðir	244.8
B. Opinberar framkvæmdir:	
1. Rafmagnsveitur ríkisins	20.3
2. Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15.0

3. Gufuveita í Reykjahlíð	7.2
4. Jarðborun á Reykjanesi	3.6
5. Landshafnir	40.0
6. Vegir	82.6
7. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10.9
8. Flugmál	6.0
9. Skólar	25.6
10. Sjúkrahús	37.0
	330.2
11. Lögreglustöð í Reykjavík	7.0
12. Búrfellsvirkjun	75.0
	575.0

TAFLA II.

Opinberar framkvæmdir.

	Fram- kvæmdir m.kr.	Skulda- greiðslur m.kr.	Samt. m.kr.	Eigið fé og fjárveit. m.kr.	Pegar tryggt eða væntanl. lánsfé m.kr.	Sérstök fjáröflun m.kr.	Samt. m.kr.
1. Rafmagnsveitur ríkisins	52.0	21.5	73.5	32.1 ¹⁾	21.1 ²⁾	20.3	73.5
2. Raforkumál, sérstakar framkvæmdir ³⁾	15.0	—	15.0	—	—	15.0	15.0
3. Gufuveita í Reykjahlíð	—	7.2	7.2	—	—	7.2	7.2
4. Jarðborun á Reykjanesi	3.6	—	3.6	—	—	3.6	3.6
5. Hafnir	119.1	7.6	126.7	56.9 ⁴⁾	29.8 ⁵⁾	40.0	126.7
6. Vegir ⁶⁾	79.9	94.8	174.7	76.1 ⁷⁾	16.0 ⁸⁾	82.6	174.7
7. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	24.0	—	24.0	13.1 ⁹⁾	—	10.9	24.0
8. Flugmál	22.3	22.9	45.2	27.0 ¹⁰⁾	12.2 ¹¹⁾	6.0	45.2
9. Skólar	30.6	—	30.6	5.0 ¹²⁾	—	25.6	30.6
10. Sjúkrahús	50.1	2.0	52.1	15.1 ¹³⁾	—	37.0	52.1
11. Lögreglustöð í Rvík ..	12.3	—	12.3	4.1 ¹⁴⁾	1.2 ¹⁵⁾	7.0	12.3
12. Búrfellsvirkjun ³⁾	75.0	—	75.0	—	—	75.0	75.0
Alls	483.9	156.0	639.9	229.4	80.3	330.2	639.9

1) Fjárveiting 22.1 m.kr. og heimtaugagjöld 10.0 m.kr.

2) Tollalán 10.0 m.kr., erlendur greiðslufrestur 3.0 m.kr., lán úr héraði vegna sveitaveitna 7.0 m.kr. og ýmislegt 1.1 m.kr.

3) Aðeins talið framlag það, sem aflað er innan fjáröflunaráætlunarinnar.

4) Fjárveitingar 43.4 m.kr., heimaframlög og lán úr héraði 13.5 m.kr.

5) Þar af 20 m.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði og 9.8 m.kr. Vestfjarðafé.

6) Vegaframkvæmdir á Vestfjarðaáætlun (19.7 m.kr.) og skuldagreiðslur þeirra vegna (2.1 m.kr.) eru taldar hér með, en hafa ekki verið taldar með í samsvarandi töflum fyrri ára.

7) Þar af fjárveitingar á vegaáætlun 37.8 m.kr., framlag til Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur og Suðurfjarðarvegur af auknum tekjum vegasjóðs 24.3 m.kr., og umferðargjald á Reykjanesbraut 14.0 m.kr.

8) Vestfjarðalán.

9) Framlag úr vegasjóði á árinu 1968 (6.1 m.kr.) og eftirstöðvar frá fyrri árum (7.0 m.kr.).

10) Fjárveitingar.

11) Þar af 1.0 m.kr. geymt Vestfjarðafé, 1.2 m.kr. nýtt Vestfjarðafé, 3.0 m.kr. væntanlegt erlent tækjakaupalán og 7.0 m.kr. væntanleg leyfð innlend bráðabirgðalán.

12) Fjárveitingar til menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi, sem yfirferast til Menntaskólans á Akureyri.

13) Geymdar fjárveitingar frá fyrri árum.

14) Fjárveiting ríkisins 3.1 m.kr. og Reykjavíkurborgar 1.0 m.kr.

15) Þegar tryggð bankalán.